

Keilir

ÁRSSKÝRSLA 2018





1

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðasta starfsár einkenndist, að vanda, af sviptingum miklum. Um einstök atriði er vísað í skýrslur forstöðumanna. Hér skulu engu að síður tíunduð örfá atriði sem miklu hafa skipt í starfi Keilis.

Fyrst ber þar að nefna þá erfiðu ákvörðun að hætta rekstri tæknifræðinnar. Hún hefur frá upphafi verið burðarásinn í nýsköpun og ákveðinn kjarni í starfi Keilis. Mörg áhugaverð verkefni og fyrirtæki hafa orðið til úr vinnu nemenda tæknifræðinnar. Þó um sé að ræða skemmtilegt nám sem

atvinnulífið kallar eftir og góðar atvinnuhorfur þá hefur aðsókn frá upphafi verið undir væntingum. Í samráði við Háskóla Íslands varð niðurstaðan sú að flytja námið til Hafnarfjarðar (Menntasetrið við Lækinn). Vegalengdin úr borginni til Suðurnesja virðist of löng fyrir stúdenta.

Í annan stað má nefna lausn á húsnæðisvanda Keilis. Skuld Keilis við Kadeco vegna byggingarinnar hefur legið sem myllusteinn um hálsinn á skólanum. Meðal annars hefur sú skuld raskað afgreiðslu mála innan kerfisins. Undirritaður

Keilir fékk á árinu leyfi til að hefja kennslu á stúdentabraut með áherslu á leikjagerð.

hefur ekki farið leynt með þá skoðun sína að í upphafi hefði Kadeco (les: ríkisvaldið) átt að afhenda samfélaginu bygginguna uppgerða í von um að þar yrði byggð upp menntastofnun. Svo var ekki gert með óheppilegum afleiðingum fyrir alla aðila. Það er svo fyrir tilverknað Benedikts Jóhannessonar og fulltrúa hans (Georgs Brynjarssonar) í stjórn Kadeco sem „skuldamálið“ vegna húsnæðis er leyst að miklu leyti. Fyrir það ber að þakka.

Þá er ánægjulegt að setja á blað þá staðreynd að loksins hefur fengist leyfi til að hefja kennslu á stúdentabraut með leikjagerð sem sérsvið. Lilja Alfreðsdóttir er fjórði ráðherrann sem við leituðum til með þetta mál og sú fyrsta sem tekur af skarið. Fyrir það á hún hrós skilið. Aðsókn í þetta nám er sem búast mátti við. Við finnum fyrir sterkum stuðningi og ákalli fyrirtækja í þessum geira og aðsóknin er í raun mun meiri en búast mátti við. Þessi námsbraut er komin til að vera.

Fleira mætti tína til, svo sem kaup Keilis á Flugskóla Íslands og verða þar með Flugskólinn á Íslandi.

Hjálmar stígur til hliðar sem framkvæmdastjóri Keilis eftir tólf ára starf.

Þetta er síðasta Ársskýrsla mín sem framkvæmdastjóra. Að eigin frumkvæði mun ég láta af störfum síðar á þessu ári. Þung verða þau skref að kveðja svo lifandi vinnustað með því einstaka fólki sem þar starfar. Þvílíkt lán sem það hefur verið. Þessa hóps mun ég sakna. Ég hef hins vegar reynt að vera ekki mikið lengur en tíu ár á hverjum stað og nú, þegar árin teljast 12, læt ég gott heita. Nýjar dyr opnast.

Eftir fyrsta ár Keilis námu tekjur um 40 milljónum króna. Í dag erum við komin yfir einn milljarð króna og vel yfir 100 manns koma að starfinu. Hæst rís samt sú gleði sem það hefur skapað að útskrifa yfir 3.000 nemendur á þessum tólf árum. Fólk sem hefur skapað sér ný tækifæri í lífinu með námi sínu hjá Keili.

En ekki hefur þetta alltaf verið dans á rósum. Mestur hluti orku minnar sem framkvæmdastjóra hefur verið varið í glímu við ótrúlega seinvirkt og lítt hvetjandi kerfi. Ferlið að hrinda í framkvæmd nýsköpun í menntun er seinlegra og meira kæfandi en marga grunar. Þetta er áhyggjuefni fyrir okkur sem þjóð. Menntamál þurfa að vera lifandi og fersk meðan kerfið vill halda óbreyttu ástandi sem lengst. Keilir er að mörgu leyti leiðandi í kennsluháttum og verður svo vonandi lengi enn.

Við tölum oft um *Keililandann*. Hann lýsir sér í því andrúmslofti sem lengst hefur ríkt innan veggja okkar. Einkenni þess er faglegur metnaður, umhyggja fyrir öðrum, stöðug leit að nýjum tækifærum en umfram allt að hafa gaman af lífinu og taka sjálf okkur ekki of alvarlega. Meðan *Keililandinn* dafnar mun Keilir verða til.

Keilir veltir nú um einum milljarði króna á ári og starfa þar yfir 100 manns.



*Fráfarandi
framkvæmdastjóri þakkar
starfsfólki fyrir
samstarfið.*

Ég vil þakka öllu samstarfsfólki mínu á þessum tíma fyrir að skapa skemmtilegasta vinnustað sem ég hef unnið við. Ykkar verður sárt saknað. Þá vil ég þakka stjórnarfólki öllu fyrir frábært samstarf og hvatningu til góðra verka. Ekki tel ég á nokkurn hallað þó ég geti sérstaklega Árna Sigfússonar sem gegndi formennsku í rúm tíu ár. Samstarf okkar leiddi til góðrar vináttu. Og verður ekki annað séð en arftaki hans, Kjartan Már Kjartansson, feti sömu, góðu slóð.

Megi Keilir blómstra enn um langa hríð.

*Hjálmar Árnason,
framkvæmdastjóri Keilis*



2

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Undirritaður tók sæti í stjórn Keilis á aðalfundi 2018 og hefur því setið í eitt ár. Það verður að segjast að þetta ár hefur verið um margt áhugavert og lærdómsríkt. Tækifærin eru fjölmörg og þau þarf að grípa. Sumt gengur upp og annað ekki.

Þannig hefur til dæmis verið ákveðið að færa tæknifræðina til Hafnarfjarðar og flugvirkjanamið til Tækniskólans. Hvort tveggja erfiðar ákvarðanir sem þurfti engu að síður að taka að vel athuguðu máli. Í staðinn hefst kennsla til stúdentsprófs í tölvuleikjagerð í haust.

Áfram mun Keilir leita nýrra tækifæra og leitast við að fullnægja þörfum fyrir menntun sem hentar ekki bara íbúum og mannlífi á Suðurnesjum heldur landinu öllu. Í sumum tilfellum ætti heimurinn allur að vera undir sem mögulegur markhópur. Til þess þurfum við þó öll að vera vel vakandi og leitast við að greina þarfirnar.

Skjótt skipast verður í lofti. Gjaldþroti WOW fylgja kostir og gallar. Kostirnir eru meðal annars að fleiri einstaklingar með flugkennaramenntun sjá sér nú fært að sinna kennslu og

Keilir mun áfram leita nýrra tækifæra við að fullnægja þörfum fyrir menntun.

flugumferð um Keflavíkurflugvöll er heldur minni á álagstímum. Það gerir flugnemendum kleift að fljúga meira og lengur án þess að hafa truflandi áhrif á farþegaflugið, ef veður leyfir. Gallarnir eru hins vegar mögulega minni áhugi á flugnámi, þrátt fyrir að í slíku árferði sé skynsamlegt að læra flug og vera tilbúin þegar eftirspurn eftir flugmönnum eykst á ný. Við vitum að flugið gengur í sveiflum eins og aðrar atvinnugreinar.

Ég vil þakka Hjálmari Árnasyni, framkvæmdastjóra Keilis, fyrir frábært uppbyggingarstarf síðastliðin tólf ár en hann hefur ákveðið að láta af störfum í sumar. Þessi tími hefur verið tími mikillar uppbyggingar, nýsköpunar og hugmynda og þannig verður það vonandi áfram.

Að endingu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og starfsfólki Keilis og KAA fyrir gott samstarf.

*Kjartan Már Kjartansson,
formaður stjórnar og bæjarstjóri Reykjanesbæjar*



3

MENNTASVIÐ

Menntasvið er stoðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir Menntasvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennsluráðgjöf, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, sterkur grunnur, gæðaráð og Hlaðborð. Forstöðukona Menntasviðs er Anna María Sigurðardóttir og Fjóla Þórdís Jónsdóttir er verkefnastjóri á Menntasviði.

Hlutverk

Hlutverk Menntasviðs eru m.a. samskipti og skýrslugerðir fyrir Menntamálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur Menntasvið umsjón með handbókum kennara, stundatöflugerð á Innu, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskriftum og dagskrá skólaárs. Menntasvið framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundi og sér um að fylgja eftir

Kennslusvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans.

ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu, stofuskipulag og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan Keilis. Þá er hlutverk Menntasviðs einnig tölvuþjónusta fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og til fyrirtækja, náms- og starfsráðgjöf og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Menntasvið setur inn allar upplýsingar og heldur utan um nemendabókhaldið í Innu, sér um kennslustuðning við kennara og að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle ásamt því að halda utan um ýmiskonar námskeið sem hýst eru í Viskubrunni. Þá heldur Menntasvið utan um endurmenntun meiraprófsbílstjóra og nýja viðbót sem fór af stað á árinu er sem er Hlaðborð Keilis.

Tölvuþjónusta

Agnar Guðmundsson tölvunarfræðingur er umsjónamaður tölvukerfis Keilis og Gísli Magnús Torfason sinnir tölvuþjónustu hjá Keili. Leitast er við að veita nemendum og starfsfólki skólans framúrskarandi aðstoð í tölvumálum og mikil áhersla hefur verið lögð á að kennarar nýti sér upptökuherbergi Keilis til að taka upp fyrirlestra. Gísli er með menntun á sviði hljóðfræði og því geta kennarar nýtt sér hans þekkingu og aðstoð í hljóð- og myndvinnslu við og eftir upptökur.

Tölvukerfi

Engin meiriháttar áföll urðu við rekstur tölvukerfanna hjá Keilir á árinu, en útsláttur rafmagns á Ásbrú hafði þau áhrif að um tíma varð tölvukerfið óaðgengilegt, þetta hafði áhrif á kennslukerfin okkar tímabundið.

Stórt verkefni sem tölvudeildin tók að sér var flutningur gagna úr skjalavörslukerfinu OneSystems yfir í SharePoint annars vegar og í GoPro.foris hins vegar. Gagnasvæði OneSystems var flutt í SharePoint en málin úr málakerfi OneSystems var flutt í GoPro. Var það metið svo að hagkvæmara til lengri tíma væri að nýta GoPro frekar en OneSystems og hefur reynslan af notkun GoPro verið góð og innleiðing gengið vel fyrir sig öllu jafna. Málin voru yfir 300 sem flutt voru í GoPro og skjölin um 12 þúsund sem flutt voru yfir í SharePoint. Heiðar Sigurjónsson kom tímabundið til okkar og aðstoðaði við þetta verkefni.

Vegna nýrra reglna um persónuvernd varð tölvudeildin að yfirfara og endurskoða sínar verklagsreglur ítarlega og byggja inn breytta hætti við vinnslu persónuupplýsinga ásamt því að tölvudeildin kom að útfærslu lausna til að uppfylla skyldur okkar varðandi nýju GDPR reglugerðarinnar.

Kennslukerfið Moodle var áfram nýtt. Tvö ný kerfi voru sett upp, annars vegar fyrir Nordic Fitness education (Íþróttakademían) og hins vegar nýtt Hlaðborð, þar var því besta teflt fram, kerfi með nýjustu útgáfu af Moodle og samskipti með https/ssl dulkóðun sett upp. Einnig var Aviation kennslukerfið uppært og flutt á sérstakan netþjón sem sinnir eingöngu Aviation hlutanum. Þar voru einnig gerðar áhugaverðar breytingar og nýjungar sem skólastjóri flugskólans stóð að mestu að sjálfur.

Nemendum og starfsfólki Keilis er boðið upp á aðstoð í tölvumálum og er mikil áhersla lögð á að kennarar nýti sér upptökuherbergi Keilis til að taka upp fyrirlestra.

Viðbótin sem sjálfvirkt leitar uppruna texta í verkefnum, Turnitin, var sett upp í öll kennslukerfin okkar í kjölfar samnings sem Landsbókasafn Íslands gerði fyrir hönd allra menntastofnana Íslands. Þetta er dýrt kerfi og mikill fengur fyrir Keilir að fá gjaldfrjálsan aðgang að því.

Keilir var einn af fyrstu skólunum á Íslandi til að taka upp Office 365.

Öll kennslukerfin sem við höfum keyrt frá upphafi eru enn keyrandi og aðgengileg. Við erum með nokkur önnur eldri kerfi, svo sem Viskubrunn og hýsum kennslukerfi fyrir ÍSÍ, Landsbjörg, Skíðasamband Íslands o.fl. Rekstur allra þessara kerfa hefur gengið áfallalaust fyrir sig á árinu 2018. Tvö fyrirtæki hættu í þjónustu hjá okkur varðandi hýsingu kennslukerfa. Ökuskólinn í Mjódd tók kerfið yfir til sín en fengu aðstoð frá okkur við það og Íslandsbanki virðist hafa lagt niður þennan hátt sem þeir áður nýttu til að fræða starfsfólk sitt.

Keilir var einn af fyrstu skólunum á Íslandi til að taka upp Office 365, það hét þá á árinu 2011 Live@EDU. Office 365 gefur öllum kost á að fá gjaldfrjálst fimm eintök af Office pakkanum á sín tæki, gríðarlega stórt og mikið gagnapláss í OneDrive og margar meiri lausnir varðandi hópvinutækni. Á árinu 2018 fórum við að taka upp tveggja þátta auðkenni, þannig að mikilvægir starfsmenn þurfa fyrir utan notandanafn og lykilorð sem oft er lokkað af starfsmönnum, einnig GSM síma til að auðkenna sig. Þetta var gert í kjölfar gruns um að brotist hafi verið í tölvupósthólf starfsmanns og eykur verulega öryggi í samskiptum í gegnum tölvupóst.

Áfram á árinu 2018 var leitast við að finna það kerfi sem gæti tekið við af núverandi TechSmith upptökukerfi, þar sem ljóst var að uppfærsla á því kerfi yrði ekki í boði utan Bandaríkjana. Ekki heppnaðist það á árinu en við höfum núna um 12.000 upptökur í núverandi kerfi og er það notað í um það bil átta upptökur á dag.

Fjarfundakerfið GoToMeeting er ennþá í fullri notkun, það er ákveðinn kostnaður við kerfið og leitast verður við að nýta innbyggt kerfi sem er í Office 365 til að skipta út GoToMeeting.

Navision bókhaldskerfið var uppfært á árinu 2018 og sú uppfærsla gekk mjög vel, afritun og hýsing var endurskoðuð í framhaldi en nýja kerfið fór á nýjan netþjón, þann sem við keyptum á árinu 2017.

Vegna hagstæðs verðs í gegnum rammisamning Ríkiskaupa hefur á árinu 2018 verið öflug endurnýjun tölvubúnaðar, bæði hjá kennurum, starfsfólki og kennslutölvum.

Eins og fyrr hefur tölvudeildin kappkostað að þjónusta viðskiptavini Keilis á árinu eins vel og hægt er. Í þjónustu Keilis eru starfsmenn, nemendur, kennarar og fyrirtæki.

Kennslustuðningur

Sigrún Svafa Ólafsdóttir hefur það hlutverk að veita kennurum stuðning í kennslufræðum og tæknimálum sem tengjast kennslu ásamt því að stuðla að innleiðingu nýrra kennsluhátta. Áhersla hefur verið lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Menntasviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Markmiðið er að allir kennarar viti

hvaða þjónusta er í boði og hvar sé hægt að leita aðstoðar eða innblásturs. Kennarar nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli.

Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennara hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, er kennsluráðgjafi að vinna í nýjum Moodle áfanga fyrir kennara. Áfanginn verður skylda fyrir alla kennara - nýja sem gamla. Einnig hefur kennsluráðgjafi haldið utan um Bloggsíðu Menntasviðs, þar sem safnað er saman öllum helstu upplýsingum og innblæstri um kennslufræði, ferðalög, fréttir o.fl. sem viðkemur þróunarstarfi í skólum.

Kennsluráðgjafi og Menntasvið, í samvinnu við deildarstjóra, komu upp Moodle áföngum fyrir nýnema, þar sem farið var yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast gjarnan fyrir nemendum. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi nýjung er komin til að vera.

Útskrifaðir nemendur

Árið 2018 útskrifaði Keilir 320 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 167 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2018:

Háskólabrú - Fjarnám	131
Háskólabrú - Staðnám	36
ÍAK - Einkaþjálfarar	45
ÍAK - Styrktarþjálfarar	12
Flugvirkjanám	22
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	43
PPL - Einkaflugmannsnám	4
Fótaaðgerðafræði	7
Nordic Fitness Education	7
Ævintýraleiðsögunám	13
Samtals árið 2018	320

*Kennurum er veittur
virkur kennslustuðningur
í kennslufræðum og
tæknimálum.*

*Árið 2018 útskrifaði Keilir
alls 320 nemendur sem er
aukning frá því árið á
undan.*

Við árslok 2018 hafði Keilir útskrifað samtals 3.231 nemendur af öllum deildum skólans.



Í lok október 2018 hafði Keilir útskrifað 3.231 nemendur.

Náms- og starfsráðgjöf

Árið 2018 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf. Skúli Freyr Brynjólfsson var í 100% stöðu og Þóra Kristín Snjólfsdóttir var í 50% stöðu á móti sama hlutfalli sem prófstjóri.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökufæri við allar deildir, þ.á.m. inntökuvíðtölum.

Útfærsla og eftirspurn

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans. Öll persónuleg viðtöl námsráðgjafa eru skráð niður, og flokkuð annarsvegar í viðtöl við nemendur og hinsvegar í inntökuvíðtöl og svör við fyrirspurnum. Heildarfjöldi viðtala árið 2018 var aðeins lægri en undanfarin ár sem skýrist líklega af auknu hlutfalli fjarnema sem nýta tölvupóst oft ekki síður en samtöl eða símtöl. Um það bil tveir þriðjunglutar eru viðtöl við nemendur skólans og þriðjungur eru inntökuvíðtöl og fyrirspurnir um nám í Keili.

Á árinu 2018 leituðu á þriðja hundrað nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þessir nemendur skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda.

Á árinu leituðu hátt í þrjú hundruð nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni.

	Hlutfall				
	2018	2017	2016	2015	2014
HBR - Staðnám	22,0%	31,4%	36,7%	37,3%	41,8%
HBR - Fjarnám	60,5%	45,8%	37,1%	36,7%	32,9%
Tæknifræði	-	3,4%	6,4%	7,3%	10,2%
Íþróttakademía	2,9%	6,4%	5,8%	7,9%	5,6%
PPL & ATPL	6,8%	6,8%	6,1%	1,8%	2,6%
Flugvirkjun	7,8%	6,4%	8%	9,1%	6,9%

Sú þróun sem orðið hefur á skiptingu þjónustunnar milli deilda endurspeglast talsvert í breytingum á fjölda nemenda í deildum skólans. Þannig hefur hlutur staðnáms Háskólabrúar lækkað meðan fjarnám Háskólabrúar eykst í nokkuð jöfnu hlutfalli. Þannig hefur hlutur Háskólabrúar í starfi námsráðgjafanna haldist nokkuð óbreyttur og var 82% árið 2018. Þjónusta við fjarnámsnemendur, í hvaða deild sem er, er verkefni sem námsráðgjafar eru mjög meðvitaðir um og vilja gjarnan auka gæði þeirrar þjónustu samhliða auknum nemendafjölda í slíku námi.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis taka virkan þátt í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis.

Námstækni

Allir nemendur sem hefja nám á íslensku í Keili eiga að byrja á að fara í gegnum svokallaðan Moodle áfanga þar sem ýmis hagnýt atriði tengd náminu eru kynnt. Þar á meðal eru fjórir fyrirlestrar um námstækni og fleiri eru í bígerð. Þetta hefur mælst vel fyrir og er nemendum í kjölfarið velkomið að ræða persónulega við námsráðgjafa um einstaka þætti úr myndböndunum. Myndböndin munu verða þýdd á ensku og er sú vinna í gangi. Auk þess kynna námsráðgjafar sig fyrir öllum hópum og taka jafnvel stutta námstækniyfirferð.

Önnur verkefni

Hafi nemendur grun um námsörðugleika s.s. lesörðugleika, athyglisbrest, kvíðaröskun o.s.frv., hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það. Náms- og starfsráðgjafar Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri. Auk þess fór námsráðgjafi í kynningarferðir í skóla á landsbyggðinni.

Prófstjórn

Árið 2018 sinnti Þóra Kristín Snjólfsdóttir prófstjórn í 50% stöðu á móti sama stöðuhlutfalli sem náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk hennar er að halda utan um öll lokapróf í Keili í öllum

deildum. Í því felst að skipuleggja prófdaga í samráði við starfsmenn einstakra deilda, taka saman lista yfir nemendur sem skráðir eru í próf, fjölríta prófin, fá fólk til að sitja yfir prófum, finna stofur fyrir próf, raða nemendum niður á þær og sjá um framkvæmd prófanna.

Árið 2016 var í fyrsta skipti tekin saman nákvæm tölfræði um skrifleg lokapróf í Keili. Þannig er nú hægt að gera samanburð á þessum þætti starfseminnar. Það er yfirlýst markmið að fækka skriflegum lokaprófum í skólanum og því athyglisvert að sjá þróunina.

Samtals voru þreytt 3.420 próf í Keili á árinu, en skólinn hefur sett sér það markmið að fækka prófum.

Fækkun var á prófum í tveimur deildum af fjórum árið 2018 og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Tæknifræðin flutti síðan úr húsi og fækkun á prófum í þeirri deild skýrist af því. Heildarpróffjöldi prófa í skólanum var engu að síður töluvert meiri árið 2018 en árið 2017 eða 527 á móti 385. Engu að síður fækkaði próftökum úr 3.439 árið 2017 í 3.420 árið 2018. Prófin árið 2018 voru því fleiri en fámennari og útskýrist það einna helst af bættri þjónustu varðandi upptökupróf í Flugakademíunni. Það er því ljóst að Keilir er á réttri leið að þessu metnaðarfulla markmiði að fækka lokaprófum og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2019.

Próftökur árið 2018 skiptast svona eftir deildum:

	Fjöldi prófa	Hlutfall	Samtals próftökur	Hlutfall	Meðalfjöldi í prófi
Háskólabrú	89	16,88%	1.395	40,79%	15,7
Íþróttakademía	3	0,006%	28	0,008%	9,3
Tæknifræði	20	0,038%	68	1,99%	3,4
Flugakademía	415	78,75%	1.929	56,4%	4,6
	527		3.420		

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur í Háskólabrú Keilis.

Sterkur grunnur

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur á Háskólabrú Keilis. Höfundar námskeiðanna eru í öllum tilfellum kennarar viðeigandi faga á Háskólabrú, og námskeiðið því markvisst sett upp miðað við reynslu kennara á því hvar nemendur skortir helst undirstöðuþekkingu. Undirbúningsnámskeið eru í boði í eftirfarandi fögum:

- Stærðfræði
- Ensku
- Íslensku
- Raunvísindum (efnafræði, eðlisfræði og líffræði saman)
- Líffræði
- Efnafræði
- Eðlisfræði

Fluggrunnur er samansafn undirbúningsnámskeiða á netinu, fyrir verðandi nemendur í Flugakademíu Keilis. Þar er á sama hátt reynt markvisst að kenna það efni sem nemendur skortir helst í undirbúningi fyrir námið. Flug grunnur býður upp á undirbúningsnámskeið í:

- Ensku fyrir flugmenn
- Ensku fyrir flugvirkja
- Eðlisfræði
- Stærðfræði

Nokkur fyrirtæki eru enn með samning við Keili um uppsetningu og hýsingu námskeiða til endurmenntunar innan fyrirtækjanna.

Hlaðborð

Á Hlaðborði Keilis eru í boði einingabærir áfangar sem miðast við Aðalnámskrá framhaldsskólanna.

Á Hlaðborðinu eru í boði einingabærir áfangar sem miðast við Aðalnámskrá framhaldsskólanna. Hlaðborðið er aðallega hugsuð fyrir nemendur sem ekki uppfylla forkröfur til þess að komast í einkaþjálfun, fótaaðgerðarfræði eða Háskólabrú. Hlaðborðið fór af stað í apríl 2018 og í boði voru sex áfangar. Samsetning áfanganna er í höndum kennara sem stýra þeim sömuleiðis, að undanþegnum einum áfanga. Í Inngangi að næringarfræði var annar kennari fenginn til að sinna áfanganum. Verkefnastýra Hlaðborðsins, til að byrja með, var Margrét Hanna en 1.nóvember tók Linda Björk Pálmadóttir við sem verkefnastýra.

Áfangarnir sem í boði eru á Hlaðborðinu:

- Heilbrigðisfræði
- Inngangur að næringarfræði
- Inngangur að sálfræði
- Líffæra- og lífeðlisfræði 1
- Líffæra- og lífeðlisfræði 2
- Upplýsingalæsi á tölvur og sjúkraskrár

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Árið 2018 hélt Keilir áfram að kenna endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra. Samkvæmt nýrri reglugerð verða atvinnubílstjórar sem hafa ökuréttindi í flokkum C, C1, D og D1 að sækja endurmenntun á fimm ára fresti. Allir bílstjórar þurfa að taka fimm námskeið, þrjú skyldunámskeið og tvö valnámskeið.

Haldin voru 78 námskeið í endurmenntun atvinnubílstjóra árið 2018 út um allt land.

Helstu verkefni sem tengjast endurmenntun atvinnubílstjóra er að framleiða námsefni í samvinnu við sérfræðinga og svo að halda námskeið fyrir atvinnubílstjóra. Alls hefur Keilir verið með réttindi til þess að kenna sex mismunandi námskeið í flokknum.

Haldin voru 78 námskeið í endurmenntun atvinnubílstjóra árið 2018 út um allt land og þar með kláruðu allir viðskiptavinir Keilis sín fimm námskeið. Flest námskeiðanna voru haldin í fyrirtækjum og voru Isavia á Keflavíkurlugvelli og Reykjavíkurlugvelli okkar stærstu viðskiptavinir. Einnig var Mjólkursamsalan stór viðskiptavinur.

Opin námskeið hafa verið haldin í húsnæði Keilis og á Hoffelli í Austur-Skaftafellssýslu þar sem einyrkjar og fyrirtæki með fáa meiraprófsbílstjóra hafa sótt sér endurmenntun með góðum árangri.

Lítið hefur verið um fyrirspurnir nýrra viðskiptavina og því var ákveðið að halda ekki áfram með verkefnið.

*Anna María Sigurðardóttir,
forstöðumaður Menntasviðs*



4

HÁSKÓLABRÚ

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs aðfaranám sem undirbýr nemendur markvisst undir háskólanám. Keilir er í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi.


Á Háskólabrú er Berglind Kristjánsdóttir forstöðukona og Margrét Hanna verkefnastjóri. Þá starfa 12 kennarar á

Háskólabrú ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru 70 einingar (117 framhaldsskólaeiningar) og þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti sex einingum (10 framhaldsskólaeiningum) í stærðfræði, íslensku og ensku. Í upphafi náms eru tekin inntökuviðtöl við umsækjendur sem er mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Kynjahlutfall á Háskólabrú er sambærilegt og síðustu ár, og eru konur enn í meirihluta nemenda.

Rúmlega fjórðungur nemenda kemur af Suðurnesjunum.



- Höfuðborgin
- Suðurnes
- Önnur svæði

Haustið 2018 hófu 43 nemendur staðnám á Ásbrú og dró aðeins úr aðsókn í þá námsleið frá árinu áður. Hins vegar eykst aðsókn í fjarnámi en tæplega 200 nemendur hófu fjarnám árið 2018. Vorið 2018 voru það 80 nemendur og þar af um þriðjungur nemenda í fjarnámi með vinnu. Haustið 2018 hófu 116 nemendur nám í fjarnámi og um 40 af þeim í fjarnámi með vinnu.

Meðalaldur nemendahópsins í staðnámi árið 2018 var 29 ár en í fjarnámi 32 ár. Um 27% nemendahópsins er með búsetu á Suðurnesjum en stærsti hluti hópsins kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða um 52% í heildina. Þá er alltaf hluti hópsins sem stundar námið erlendis frá en það er misjafnt á milli anna. Kynjahlutfall á Háskólabrú er svipað og árið áður en konur eru í miklum meirihluta eða um 64% nemenda en karlar eru 36% nemendahópsins.

Aðsókn í fjarnám

Sífelld fleiri sækja um fjarnám og þá eykst fjöldinn sem sækir um fjarnám með vinnu á milli ára, enda góður kostur fyrir fullorðna námsmenn sem vilja mennta sig samhliða vinnu. Heildarfjöldi nemenda skráður í fjarnám Háskólabrúar árið 2018 var 271 nemandi og ýmist eru þeir skráðir í fullt nám, hálf nám eða staka áfanga, allt eftir hvað hentar nemandanum.

Fjarnám Háskólabrúar er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda eru prófastöðvar okkar víðsvegar um heiminn og hægt að stunda fjarnámið nánast hvar sem er í heiminum. Árið 2018 voru um 40 nemendur skráðir í námi á Háskólabrú sem voru búsettir víðsvegar um Ísland eða utan Íslands og má þar nefna lönd eins og Danmörk, Svíþjóð, Tékkland, Eistland, Noregi og Bandaríkin. Okkur þykir afar mikilvægt að geta boðið upp á þennan möguleika fyrir nemendur og leggjum mikið upp úr því að þjónusta nemandann eins og best er á kosið.

Þróun kennsluáferða og mikilvægi persónulegrar þjónustu

Kennslan á Háskólabrú er í stöðugri þróun og unnið að því á hverju ári að bæta námið og fyrirkomulagið. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægja og eru kennarar og nemendur í miklum samskiptum á meðan áföngum stendur í gegnum hin ýmsu samskiptaforrit. Árið 2018 unnu kennarar markvisst að endurnýjun á kennslumyndböndum með bestu tækni sem völ er á en Keilir hefur fullbúið upptökuherbergi sem tryggir enn betri gæði.

Þó tæknin sé vissulega nauðsynlegur þáttur í fjarnámi þá hittast nemendur og kennarar í staðlotum, yfirleitt í upphafi hvers áfanga og lýkur með lokanámsmati um ó vikum síðar. Þeir nemendur sem ekki geta mætt á vinnuhelgi taka þátt í vinnuhelgum í gegnum fjarkennslubúnaðar og eru þannig virkir þátttakendur í umræðum og verkefnavinnu. Líkt og fram hefur komið er tæknin mikilvæg til að halda í persónulega þjónustu. Sá þáttur hefur verið einkennandi fyrir námið okkar og vinnum markvisst að því að skapa persónulegt umhverfi fyrir nemendur. Samskipti við kennara og aðra nemendur er grundvallaratriði fyrir nemendur til að skapa lærdómsumhverfi eins og best er á kosið.

*Kennari Keilis fékk
viðurkenningu fyrir að
vera framúrskarandi
kennari frá
Menntavísindasviði
Háskóla Íslands.*

Kennarar í hæsta gæðaflokki

Reglulegar kannanir tengdar gæðastarfi Keilis benda til að kennarar á Háskólabrú séu faglegir, hjálpsamir og veiti góða þjónustu. Í raun má segja að á Háskólabrú séu kennarar sem eru framúrskarandi í faglegum vinnubrögðum enda metnaðarfullur kennarahópur sem er umhugað um nemendur sína og þeirra námsgengi bæði hjá okkur og í áframhaldandi námi.

Til staðfestingar á könnunum þá hlaut stærðfræðikennarinn okkar, Gísli Hólmar Jóhannesson, viðurkenningu fyrir að vera framúrskarandi kennari frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Valnefnd þeirra fór yfir þúsund tilnefningar og umsagnir þar sem Gísli var ítrekað nefndur fyrir framúrskarandi hæfni sem kennari. Við hátíðlega athöfn hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands kom þessi lýsandi umsögn fram:



*„Gísli tókst á einstæðan
máta að miðla stærðfræði
á mannamáli“*

„Gísli tókst á einstæðan máta að miðla stærðfræði á mannamáli og bjó yfir takmarkalausri þolinmæði við kennslu. Alla barnæskuna hafði mér verið talið trú um að ég gæti ekki lært stærðfræði. Eftir hans leiðsögn skil ég ekki bara stærðfræði heldur er með sterkari sjálfsmynd. Hann var alltaf boðinn og búinn að vera með aukatíma, hafði brennandi áhuga á efninu og hætti ekki fyrr en allir skildu viðfangsefnið. Mannbætandi snillingur sem var alltaf á vaktinni.“

Viðurkenning af þessu tagi fyllir okkur stolti, staðfestir metnað og fagmennsku okkar kennara sem eru svo sannarlega með hjarta og huga á réttum stað.

Niðurstöður kannana sýna að nemendur eru ánægðir með bæði kennara og kennsluáferðir Háskólabrúar.

Háskólabrú fyrir alla

Niðurstöður könnunar um líðan og þjónustu skólans árið 2018 sýndi mjög jákvæðar niðurstöður. Nemendur okkar á Háskólabrú voru ánægðir með námið í heild, hvort sem voru kennsluhættir, starfsfólk eða fyrirkomulag námsins. Gríðarlega jákvæðar niðurstöður og hvetur starfsfólk áfram í að gera enn betur. Þá kom fram að augljós þörf er fyrir nám líkt og Háskólabrú þar sem nemendur ítreka með umsögnum að námið henti vel fullorðnum námsmönnum. Þá hefur námsleiðin sannarlega sýnt fram á gildi sitt því aðsókn hefur verið góð frá upphafi og nemendur mjög sáttir fyrir valmöguleikann og tækifærið sem þeir fá á fullorðins árum.

Námsmat

Árið 2018 var unnið í því að draga úr hefðbundnum lokapróf og einblínt á símat og lokaverkefni. Vel hefur tekist til og nokkrir áfangar á Háskólabrú er nú orðnir lokaprófslausir og verkefnin orðin fjölbreyttari. Afar mikilvægt er að hafa í huga að námsmatsaðferðirnar séu fjölbreyttar og mæli ekki aðeins þekkingu heldur virkni, hæfni og færni nemanda í að leysa viðfangsefni. Okkar aðferðir eru ekki enn orðnar háþróaðar en kennarar leita sífellt leiða til að gera námsmatið lýsandi fyrir virkni og hæfni nemenda í fjölbreyttum þáttum.

Samstarf við símenntunarstöðvar - Kynningar

Frá því janúar 2009 hefur Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Í samstarfi við Keili vegna Menntastoða eru einnig MÍMIR-símennt í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastoða og kynntum þeim Háskólabrú á árinu 2018 enda er stór hluti þeirra sem sækir um nám á Háskólabrú. Þá hafa einnig aðrir hópar komið til okkar til að kynna sér Háskólabrú eins og t.d. frá Hring sjá sem er náms- og starfsendurhæfingarmiðstöð og aðrir áhugasamir.

Útskrift

Skólaárið 2018 útskrifuðust 167 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjarnámi og hafa því í árslok 2018 útskrifast 1.701 nemendur frá upphafi skólans. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur og væntum þess að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám.

Samtals höfðu rúmlega 1.700 nemendur útskrifast af Háskólabrú Keilis í lok ársins 2018.

*Berglind Kristjánsdóttir,
forstöðumaður Háskólabrúar*



5

ÍPRÓTTAAKADEMÍA

Íþróttakademía Keilis bauð upp á 5 námsleiðir árið 2018. ÍAK einkaþjálfun, ÍAK styrktarþjálfun, nám í Fótaaðgerðarfræði sem er nám á heilbrigðissviði, Nordic Personal Trainer Certificate (NPTC) sem er einkaþjálfaranám kennt er að öllu leiti á veraldarvefnum og eins árs nám á háskólastigi í ævintýra-leiðsögn í samstarfi við Thompson Rivers University í Kanada.

Nýjungar og breytingar á árinu

ÍAK einkaþjálfaranámið fór í gegnum talsvert breytingarferli en að kröfu Menntamálaráðuneytis var námsbrautinni breytt í starfsnám á 3. hæfnisþrepi. Með þeirri breytingu hefur verið bætt við 20 fein-einingum, mest starfsnámstengdum fögum. Einnig voru inntökukröfur hertar með föstum undanfara-áföngum af heilbrigðissviði.

ÍAK einkaþjálfaranámið er nú skilgreint sem starfsnám á 3. hæfnisþrepi.

Bæði ÍAK einkaþjálfaranám Keilis og ný námsbraut NFE hlutu gæðavottun frá Europe Active á árinu.

Tíunda útskrift ÍAK einkaþjálfara á árinu.

ÍAK styrktarþjálfaranámið rann í svipaðri mynd og árin áður, nema að áfangi í íþróttameiðslum var settur í námskránnu. Einnig kom þar inn nýr kennari, Arna Hjartardóttir sjúkraþjálfari sem kennir þennan nýja áfanga.

Nordic Fitness Education (NFE) var sett upp sem undirskóli ÍAK til að halda úti námsbrautum á netinu á erlendum tungumálum. Þar undir er meðal annars NPTC einkaþjálfaranámið. Sú námsbraut hlaut Europe Active gæðavottun á árinu og var það mikill sigur þar sem Keilir er fyrsti skólinn í heiminum að hljóta vottunina á 100% net-nám. Vottunin var veitt með fyrirvara í 6 mánuði en að þeim tíma liðnum voru skilmálar vottunar endurskoðaðir og liggur nú fyrir að Europe Active mun setja 80 klst vinnustaðarnám (internship) sem kröfu. Slíkt breytir ekki miklu með hvernig náminu er skilað til nemenda, aðeins hversu lengi þeir verða að leiðbeina skjólstæðingum inn á líkmasræktarstöð áður en þeir útskrifast.

Stefnt er á að þýða og setja NPTC upp á þriðja tungumáli til að komast sterkara inn á afmarkaða markaði. Er verið að skoða þýsku og pólsku sem fyrstu löndin til að fara inn á.

Ævintýraleiðsögunámið fékk nýjan kennara, Thomas Exner frá Þýskalandi, sem hóf störf í verktöku á haustmánuðum í stökum kúrsum en var fastráðinn sem kennari og verkefnastjóri vorið 2019. Thomas er IFMGA fjallaleiðsgumaður og hefur doktorsgráðu í jarðfræði.

Starfsfólk

Forstöðumaður Íþróttakademíu Keilis var Arnar Hafsteinsson, verkefnastjóri ÍAK þjálfaranáms var Haddý Anna Hafsteinsdóttir, verkefnastjóri og yfirkennari námsbrautar í ævintýraleiðsögn var Kanadamaðurinn Gabriel Cote-Valiquette. Í hálfu stöðugildi verkefnastjóra fóttaðgerðarnámsins var Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir. Ben Pratt frá Írlandi var verkefna- og þróunarstjóri NFE (Nordic Fitness Education) og sá um kennslu námsbrautarinnar NPTC.

Átta stundakennarar, þar af þrír erlendir störfuðu við kennslu í ÍAK þjálfaranámsbrautunum. Um er að ræða verktaka í hlutastarfi. Einn erlendir kennari starfaði við áfangagerð og kennslu í NPTC. Fimm íslenskir og sex erlendir kennarar kenndu við ævintýranámsbrautina, allir nema einn sem verktakar. TRU sendi tvo kennara til að kenna í verklegri kennslu ævintýranámsins ásamt því að fara yfir gæðamál námsbrautarinnar samkvæmt samningi milli skólanna.

Einn kennari var í fullu starfi kennara í fóttaðgerðarnáminu og þrír aðrir í hlutastarfi í verktöku.

Nemendafjöldi

Á árinu útskrifuðust 45 af einkaþjálfarabrot ÍAK, 12 af námsbraut ÍAK styrktarþjálfara og 13 útskrifuðust af námsbraut í ævintýraleiðsögunámi. Haustið 2018 var í tíunda skiptið sem ÍAK einkaþjálfarinn fór af stað undir nafni Keilis og sjötta sinn sem styrktarþjálfaranám og ævintýraleiðsögunámið var kennt. Fóttaðgerðarnámið fór af stað með sjö manna hóp. NPTC

inniheldur 6 annir á ári og byrjuðu 14 nemendur í náminu á árinu en 7 útskrifuðust. Námið tekur u.þ.b. 7 mánuði.

Samþykktar umsóknir í ÍAK einkaþjálfaranámið voru nokkuð færri en fyrri ár og er helsta ástæðan breytra inntökukrafna í námið og er helsti þröskuldurinn forkröfuáfangarnir sem fyrr var nefnt.

Færri umsóknir bárust í ævintýraleiðsögunámið og færri hófu nám en síðustu ár. Við teljum megin ástæðu fækkunar vera gott atvinnuástand hér á landi en sum stærri fyrirtæki í ferðaþjónustunni hafa auglýst eftir starfsfólki og boðið upp á innanhúss þjálfun til starfana. Þessi stefna fyrirtækjanna hafði óneitanlega neikvæð áhrif á innanlandsmarkaðinn fyrir námsbrautina. Erlendir umsækjendur utan Evrópu hafa þurft að fara í gegn um mikið og langt ferli við að fá nemendaáritun inn í landið.

Fótaaðgerðarnámið er ennþá lítið þekkt á markaðnum og mun taka einhvern lengri tíma fyrir brautina að komast á kortið en umsóknir hafa verið aðeins undir væntingum þó svo að fyrirspurnum fari fjölgandi.

Styrktarþjálfaranámið fékk fleiri umsóknir en fyrri ár og fjölgar fyrirspurnum hvert ár.

Náms- og starfsgengiskönnun

Um 75% ÍAK einkaþjálfaraútskriftarnema 2017 svöruðu starfsgengiskönnun sem var lögð fyrir vor 2019. Samkvæmt niðurstöðum virðist hlutfall þeirra sem fara í námið af öðrum ástæðum en að gera einkaþjálfun að starfsvettvangi, vera svipað og fyrri ár, eða um fjórðungur útskrifaðra. Færri starfa við einkaþjálfun í fullu starfi en fyrri ár, eða 16% þeirra sem svöruðu könnun þetta árið og 60% hafa einkaþjálfun að hlutastarfi. Tæplega 30% nota fjarþjálfun sem þjálfunaraðferð og fer þeim fjölgandi milli ára.

Útskrifaðir styrktarþjálfarar svöruðu ekki jafn vel en aðeins helmingur þeirra skilaði könnun. Allir þátttakendur könnunnar starfa við þjálfun og þar af 43% í fullu starfi. Um 15% þjálfar með fjarþjálfun en ekki kemur fram hlutfall þeirra sem eru í hlutastarfi eða fullu starfi.

Samstarfsaðilar

Thompson Rivers University í Kanada hefur átt í samstarfi við Íþróttakademíuna frá haustinu 2013 með ævintýraleiðsögunámið en TRU á brautina og útskrifast nemendur Keilis með TRU skírteini að námi loknu. Báðir skólar hafa lýst yfir ánægju með samstarfið og er stefnan að halda því áfram um ófyrirséða framtíð, eða svo lengi sem áhugi er á náminu hjá verðandi leiðsögumönnum.

Kennarar og nemendur ævintýranáms fá aðgang að húsakynnum Arctic Adventures á Drumboddstöðum við Hvíta í kennslu straumvatnsáfanga. Þar er bæði gistiaðstaða og eldhúsaðstaða sem nemendur hafa haft aðgang að.

Færri starfa við einkaþjálfun í fullu starfi en fyrri ár en rúmlega helmingur hafa einkaþjálfun að hlutastarfi.

Thompson Rivers University í Kanada hefur átt í samstarfi við Keili frá haustinu 2013 varðandi leiðsögunám í ævintýraferðamennsku.

Verslunin GG Sport í Kópavogi selur búnað til útivistar en verslunin hefur stutt námsbrautina dyggilega frá upphafi námsins með því að útvega búnað til verklegrar kennslu á bestu kjörum.

ÍAK hefur samninga við líkamsræktarstöðvarnar World Class og Sporthúsið sem veitir nemendum ÍAK frían aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið.

ÍAK hefur samninga við líkamsræktarstöðvarnar World Class og Sporthúsið sem veitir nemendum ÍAK frían aðgang að stöðvum þeirra yfir skólaárið. Ennfremur hefur WorldClass lánað aðstöðu til verklegrar kennslu í styrktarþjálfaranámi ÍAK og hefur deildin fengið að nota eina af stöðvum WorldClass í myndatökur fyrir kennslufni.

Framtíðarsýn og breytingar framundan

Fyrirsjáanlegt var að nemendum myndi fækka í ÍAK einkaþjálfaranáminu vegna breyttra krafna um undanfara áfanga frá ráðuneyti og eru nokkrir áfangar þar undir sem almennt eru eingöngu kenndir í tveimur framhaldsskólum á landinu fyrir sjúkraliða, læknaritara og tanntækna. Brugðist var við með því að bjóða upp á þessa sértæku áfanga í fjarnámi undir merkjum Hlaðborðs Keilis. Umsóknarfrestur í námið mun verða fyrr á árinu til að gefa umsækjendum færi á að klára undanfara í tíma og mun framtíðar markaðssetning taka mið af því og einnig hefjast fyrr.

Umsóknir í styrktarþjálfaranám ÍAK fjölgar á milli ára og mögulega munu nýjar inntökureglur í ÍAK einkaþjálfaranámið verða til þess að einhverjir fara í styrktarþjálfarann í staðinn en lægri forkröfur um einingar eru í það nám. Námsbrautin er í stöðugri endurskoðun og munu verða breytingar á vægi milli verklegra áfanga og bóklegra fyrir næsta skólaár. Sú ákvörðun er vegna endurtekinna skilaboða þess eðlis frá nemendum í kennslukönnunum.

Það hefur verið flöskuháls fyrir erlenda umsækjendur (utan Evrópusambandsins) hve langt umsóknarferlið er við að fá nemendaáritun hjá útlendingastofnunnar en frestur til að skila inn umsóknum til stofnunarinnar eru sex mánuðir sem sumum reyndist erfitt að ná. Viðbrögð okkar við þessum vanda er að aðlaga stundarskrá brautarinnar þannig að erlendur nemendur geti komið til landsins á ferðamannaáritun á haustönn og vorönn en þess á milli (nóvember - mars) verið í sínu heimalandi og tekið bóklega áfanga námsins í fjarnámi.

*Arnar Hafsteinsson,
forstöðumaður Íþróttakademíu*

Umsóknir í styrktarþjálfaranám ÍAK fjölgar á milli ára.



6

FLUGAKADEMÍA

Flugferð Keilir Aviation Academy ehf (KAA) hélt áfram á árinu 2018 eins og fyrri ár, þó verður að segja að óvænt ókyrrð í rekstri verður eftirminnileg enda hefur sú ókyrrð haft víðtæk áhrif á rekstrarárið 2018. Þrátt fyrir ókyrrð á árinu þá hefur starfsemi KAA vaxið og er enn vaxandi rekstrareining undir hatti Keilis sbr. undanfarin ár.

Á liðnu ári hefur var fylgt eftir þeirri framtíðarstefnu og markmiðum KAA þar sem áhersla hefur verið á viðhalda nýrri

hugsun, mikilla gæða og markvissri sókn í þann alþjóðlega flugvöxt sem flugvélaframleiðendur eru enn að spá á komandi árum.

Starfsmenn KAA hafa enn sem áður unnið frábært starf á árinu og haldið sínu góða starfi áfram við að byggja upp Flugakademíuna og þannig tryggja áfram að Flugakademía Keilis sé raunverulegur valkostur þegar kemur að vali á flugtengdu námi.

Flugakademía Keilis starfrækti í lok ársins 2018 alls 14 fullkomnar kennsluvélar að gerðinni Diamond.

Margt hefur verið að gerast á liðnu ári og hefur verið unnið sérstaklega á þeim styrk sem vörumerki KAA er orðið hér á landi og erlendis, þar sem frábært starfsfólk í öllum deildum kemur við sögu, ásamt nýjum og traustum hátækniflugvélum, frábærri starfsaðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk. Vandinámið hefur haslað sé völl í bóklegri kennslu í flugnámi og er komið til þess að vera, enda ber góður árangur nemenda KAA þess merki að á þessu sviði erum við að fjárfesta rétt með nemendum okkar. Því miður þá hefur innleiðing vandináms ekki gengið sem skildi í flugvirkjanáminu.

Gríðarlega mikið er lagt upp úr flugöryggi, miklum gæðum á öllum sviðum vöru og þjónustu hjá KAA, jafnframt er mikið lagt upp úr persónulegri þjónustu við nemendur í flug- og flugvirkjanámi skólans. Í lok árs 2018 þá samanstóð flugfloti KAA af alls fjórtán Diamond flugvélum sem telur fimm DA20 vélar, átta DA40 vélar og eina DA42 kennsluvél, ásamt einum D-SIM42 flughermi og einum Red Bird MCX flughermi.

Innleiðing á rafrænum prófum hjá KAA lauk í lok árs 2018 og eru öll próf nú rafræn á Moodle kerfi skólans.

Innleiðing á rafrænum prófum hjá KAA lauk í lok árs 2018. Þýðir þetta að öll próf KAA eru nú rafræn á Moodle kerfi skólans. Sparar þetta gríðarlega vinnu og eykur yfirsýn skólans sem og gefur nemandanum strax upplýsingar um hvar hann standur í námi.

Á árinu hélt vinna áfram við þróun á FLY flugrekstrarkerfinu spilað stórt hlutverk í að tengja nám, skipulag og starfsfólk við nemendur og flugvélar. FLY kerfið er komið á skemmtilegan stað sem raunverulegt flugrekstrarkerfi. FLY kerfið gefur tækifæri til breyttra áherslna í verklegu flugnámi og innleiðir kerfið svokallað „*competence based training*“ sem vekur mjög mikinn áhuga hjá samstarfsaðilum og þeim sem við höfum kynnt kennslu- og þjálfunaraðferðir KAA. Enda er um að ræða mjög persónulega nálgun á þjálfun flugmanns sem gerir allt nám nemenda mun skilvirkara en þekkt hefur til þessa og að mati færir flugþjálfun á hærra plan þar sem undirbúningur nemenda er betri fyrir atvinnulífið.

KAA hefur styrkt samstarf sitt við ISAVIA.

KAA hefur styrkt samstarf sitt við ISAVIA þar sem samvinnu er milli aðila vegna kennslu og þjálfunar til aksturs inn á flugvelli sem KAA sér verkefnið um fyrir ÍSAVIA. Jafnframt sér KAA um allt enskumat fyrir alla starfsmenn sem starfa á Keflavíkurflugvelli. Samstarf þetta og verkefnið hefur verið í þróun á árinu og hefur gengur vel.

Flugrekstrarstjóri (*Flight Operations Manager*) var ráðinn í febrúar leiðir ýmis verkefni sem snúa að því að auka nýtingu og tryggja hámarks nýtingu flugflota KAA hverju sinni.

60 nemendur hófu nám í samtvinnuðu atvinnuflugnámi á árinu.

Markmið um fjölda nýskráðra nemenda í samtvinnað atvinnuflugnám (*Integrated Program*) tókst þar sem 60 nemendur hófu nám á árinu 2018. Brottfall nemenda var þó hætta en við ráðgerum af ýmsum ástæðum.

Fylgt var eftir stefnu ársins 2017 að innlendu og erlendu markaðsstarfi þar sem samtvinnað atvinnuflugsnám KAA hefur verið kynnt sérstaklega í samstarfi við flugrekendur sem „*Cadet*“ valkostur fyrir flugrekendur og nemendur. Mikil orka hefur verið sett í þetta verkefni meðal annars með fyrirtækjum á borð Icelandair, WOW Air, CityJet, WizzAir, SunExpress, AirBaltic, SAS og fleirrum sem hafa öll heimsótt okkur í Keili með mikinn áhuga um að gera „*Cadet*“ samstarf mögulegt. Hefur verið mikill áhugi hjá félögunum að tengja sig við skólann sem byggir meðal annars á góðri umsögn og árangri nemenda. Hefur þessi „i“ vinna verið stór

Skimun flugmanna var því innleitt hjá KAA á árinu 2018 sem gerir KAA kleyft til að starfrækja „Screening & Assessment Centre“

hluti af því að KAA er í endalausri vöruþróun í leit að betrun og auknum gæðum á námi og þjónustu þar sem betrunaráætlun KAA haldið áfram á liðnu ári..

Vegna breytinga á reglugerðum EASA þar sem öllum flugrekendum er ætlað að innleiða breyttar kröfur í námi og körfur til flugrekenda, þá var unnið markvisst hjá KAA á árinu í mæta þeim undirbúningi að taka upp „Screening and Assessment“ sem er stór hluti í að mæta þeim breytingum skv. kröfu EASA. Skimun flugmanna var því innleitt hjá KAA á árinu 2018 sem gerir KAA kleyft til að starfrækja „Screening & Assessment Centre“ þetta verkefni hefur tekist mjög vel til sem liður í auknum gæðum á námi og starfsemi KAA á allan hátt. Styður skimunarverkefnið vel við allar tengingar við flugfélög og eins ímynd og markaðssetningu skólans þar sem nemendur sjá ferlið sem mikilvægt og gagnlegt verkfæri til að vita fyrr hvort námið henti viðkomandi nemenda.

Tilraunir gerðar með útstöðvar erlendis.

Á árinu var gerð tilraun með samstarf við valinn samstarfsaðila um útstöðvarverkefni á Spáni. Verkefnið fór af stað með háleit markmið þar sem unnið var af kappi hjá KAA að gera þetta verkefni vel á allan hátt og búa þannig um hnútana að sú reynsla sem unnin var gæti nýst okkur síðar. Samstarfsaðili okkar lofaði KAA samkvæmt samningum töluvert fleiri flugtímum en þeir gátu á endanum ráðið við að afhenda og sökum vanefnda samstarfsaðila þá var þessu og samstarfi slitið.

Rekstur KAA varð fyrir gríðarlegu áfalli um miðjan ágúst þegar flugfloti KAA var kyrrsettur af samgönguyfirvöldum og er ekki enn séð endanleg áhrif þessa. Vegna þessarar uppákomu var gerður algjör viðsnúningur á öllum ferlum og verkþáttum viðhaldsdeildar KAA m.a. með úthýsingarsamningi við EASA145 samþykkt fyrirtækið Flugverk á Reykjavíkflugvelli. Flugverk hefur opnað útstöð hjá KAA í flugskýli á Keflavíkflugvelli og tekið yfir öll viðhaldsmál skólans. Teljum við að hjá KAA að vel hafi verið staðið að viðbrögðum og öllu upplýsingaflæði skólans til nemenda og starfsfólks vegna þessa óvænta atviks sem leystist síðan ekki að fullu fyrr en í lok nóvember.

Sem liður í viðbrögðum KAA við að leysa ákv. vanda nemenda þá var farið í samstarf í Austurríki þar sem KAA opnaði útstöð á mjög skömmum tíma og kom þar reynslan af Spánar verkefninu sér vel. Verkefnið gekk mjög vel í alla staði en var því miður mjög kostnaðarsamt þar sem allt ferlið var unnið með hraði.

Leigusamningi um verklega aðstöðu flugvirkjanámsins var sagt upp.

Leigusamningi um verklega aðstöðu flugvirkjanámsins var sagt upp og þurfti því að flytja verklega kennslu flugvirkjanámsins í annað húsnæði á Ásbrú með tilheyrandi kostnaði. Þetta var nokkur truflun á þeirri uppbyggingu sem við vorum búin að vera að vinna sl. ár. Í kjölfarið þegar nýtt húsnæði var tekið í notkun þá fækkaði umsóknum nemenda mjög mikið ásamt að brottfall var meira en áætlað og þekkst sl. ár og því komnar upp mjög breyttar aðstæður hvað flugvirkjanámið varðar.

Að venju voru Flugbúðir Keilis, námskeið fyrir unglunga, vel sótt í tvö skipti síðastliðið sumar sem verða endurteknar aftur á árinu 2019.



*Tvær stórar gæðaúttektir
hjá EASA (European
Aviation Safety
Authorities) á liðnu ári.*

Tvær stórar gæðaúttektir hjá EASA (*European Aviation Safety Authorities*) á liðnu ári bæði hvað varðar flugstarfsemi okkar og flugvirkjanámið sem komu mjög vel út í flesta staði. Sérstök áhersla EASA var lögð á rekstur flugherma og SMS kerfi (*Safety Management System*).

Kyrrsetning flugflota KAA sem og að útstöðvarverkefnið á Spáni mistókst, þá hafði það mikil og neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu rekstrarársins 2018 sem var því ekki samkvæmt áætlunum. Vöxtur hefur þó verið stöðugur þrátt fyrir brottgengi á árinu að mestu leiti hvað áætlaðan nemendafjöldi varðar og selda flugtíma í flugvélum og flughermum. Flugvélum og flughermum KAA var flogið alls 9.807 klukkustundir á árinu 2018 sem er ánægjuleg aukning um 1.418 flugtíma á milli ára þrátt nefnd fyrir áföll á árinu.

*Kyrrsetning flugflota KAA
hafði neikvæð áhrif á
rekstrarniðurstöðu
rekstrarársins 2018.*

Sem fyrr þá hefur starfsfólk KAA og stoðdeildir Keilis tekið virkan þátt í uppbyggingu á þeirri starfsemi sem við búum yfir í dag og staðið vörð um starfsemina á allan hátt.

Ég vil sérstaklega þakka frábæru starfsfólki Keilis og Flugakademíu, ásamt öllum fyrrum starfsmönnum okkar sérstaklega fyrir gott starf og þeirra framlag á liðnu ári. Kærar þakkir fá allir þeir nemendur sem hafa ákveðið að treysta Flugakademíu Keilis fyrir námi sínu.

*Rúnar Árnason,
forstöðumaður Flugakademíu*